

Efnahags- og viðskiptanefnd Alþingis  
Alþingi  
150 Reykjavík  
Reykjavík 28.nóvember 2002.

Umsögn um:

Frumvarp til laga um breytingu á lögum nr. 99/1999, um greiðslu kostnaðar við opinbert eftirlit með fjármálastarfsemi, með síðari breytingum.

Þegar eftirlit með fjármálastofnunum og verðbréfamarkaði er annars vegar þá skyldi ekki vanmetið það innbyggða virka eftirlit, sem aðhald almennings og frjálsra samtaka getur veitt á slíkum markaði, hafi þeir aðilar á annað borð burði til þess. Eftirlit Fjármálaeftirlitsins er kerfisbundið og annars eðlis heldur en það eftirlit sem felst í óbeinu eftirliti og aðhaldi félagasamtaka þar sem t.d. er starfrækt kvörtunarþjónusta og sjónarmið einstaklinga sem eiga viðskipti á verðbréfamarkaði komast að með skipulegum hætti.

Á hinum unga íslenska verðbréfamarkaði hefur þessu eftirliti ekki verið sinnt nema í óverulegum mæli og frjáls samtök, þess hluta almennings sem tekur þátt í verðbréfiðskiptum, hafa verið óburðug. Raunverulegt aðhald frá þessum hluta markaðarins getur stuðlað að eðlilegri og æskilegri þróun verðbréfamarkaðarins en slíkt verður ekki nema almennasamtök sem hafa tekið að sér að sinna þessu verkefni öðlist til þess þá burði sem þarf til að valda þessu verkefni.

Lagt er til að fjárframlag til Fjármálaeftirlitsins á árinu 2003 verði hækkað um 10 milljónir króna og fjármögnun þess jafnframt tryggð með hinum mörkuðu tekjustofnum Fjármálaeftirlitsins til frambúðar. Ákvæði verði sett inn í lögina sem kveði á um að Fjármálaeftirlitinu beri að ráðstafa þessum fjármunum til frjálsra félagasamtaka fjárfesta (Samtaka fjárfesta) svo þau geti haldið úti skrifstofu og starfsmanni til að sinna því mikilsverða hlutverki, sem slík samtök geta rækt á innlendum verðbréfamarkaði, verði þeim skapaðar nauðsynlegar aðstæður til þess.

Virðingarfyllt  
f.h. Samtaka fjárfesta og sparifjáreigenda

Vilhjálmur Bjarnason.